

## Frá yfirkjörstjórn Suðvesturkjördæmis

# ALÞINGISKOSNINGAR 27. APRÍL 2013

### Auglýsing um viðtöku framboða og fleira

Framboðsfrestur til alþingskosninga, sem fram eiga að fara þann 27. apríl 2013, rennur út kl. 12 á hádegi föstudaginn 12. apríl nk. Framboð í Suðvesturkjördæmi skal tilkynna skriflega til yfirkjörstjórnar Suðvesturkjördæmis, sem veitir þeim viðtöku í Íþróttahúsinu Kaplakrika í Hafnarfirði, föstudaginn 12. apríl 2013, kl. 10 til 12 fyrir hádegi.

Á framboðslista skulu vera nöfn 26 frambjóðenda, eða tvöfalt fleiri frambjóðenda en nemur þingsætum í kjördæminu, hvorki fleiri né færri. Tilgreina skal skýrlega nafn frambjóðanda, kennitölu hans, stöðu eða starfsheiti og heimili.

Framboðslista skal fylgja skrifleg yfirlýsing allra þeirra sem á listanum eru um að þeir hafi leyft að setja nöfn sín á listann. Framboðslista skal og fylgja skrifleg yfirlýsing frá kjósendum í Suðvesturkjördæmi um stuðning við listann og fyrir hvaða stjórn málasamtök listinn er boðinn fram. Tilgreina skal nafn meðmælanda, kennitölu hans og heimili. Fjöldi meðmælanda skal vera 390 hið fæsta og eigi fleiri en 520. Sami kjósandi má ekki mæla með fleiri en einum framboðslista. Komi það fyrir, verður kjósandinn ekki talinn meðmælandi neins þeirra. Loks skal fylgja skrifleg tilkynning frá frambjóðendum listans um það hverjir tveir menn séu umboðsmenn listans.

Yfirkjörstjórn fer þess á leit að framboðslistar og meðmælendalistar verði, auk hinna skriflegu eintaka, afhentir á tölvutæku formi (excel-skjali á minnislykli).

Fundur yfirkjörstjórnar til að úrskurða um framboð, þar sem umboðsmönnum framboðslista gefst kostur á að vera viðstaddir, verður haldinn í Íþróttahúsinu Kaplakrika í Hafnarfirði, laugardaginn 13. apríl 2013, kl. 12 á hádegi.

Meðan kosning fer fram, laugardaginn 27. apríl 2013, verður aðsetur yfirkjörstjórnar Suðvesturkjördæmis í Íþróttahúsinu Kaplakrika í Hafnarfirði, þar sem talning atkvæða fer fram að loknum kjörfundi kl. 22. Fyrstu kjörkassar verða opnaðir kl. 18:30 og hefst þá flokkun atkvæða.

**25. mars 2013.**

**Yfirkjörstjórn Suðvesturkjördæmis,**

**Jónas Þór Guðmundsson,**

**Ástríður Sólrún Grímsdóttir,**

**Sigríður Jósefsdóttir,**

**Elín Jóhannsdóttir.**